

# Hluthafafundur Vátryggingafélags Íslands hf. 17. janúar 2024

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 17. janúar 2024. Fundurinn hefst kl. 16.00.

## Drög að dagskrá eru eftirfarandi:

- Samþykki fyrir yfirfærslu vátryggingastofns í dótturfélag
- Önnur mál löglega fram borin

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa þar um. Mikilvægt er að tillögur berist með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafund, eða kl. 16.00 sunnudaginn 7. janúar 2024, sbr. 12. gr. samþykta félagsins. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is).

Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir hluthafafund með tölvupósti á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) eða á hluthafafundinum sjálfum. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar miðvikudaginn 10. janúar 2024 til samræmis við samþykktir félagsins.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á [vefsíðu félagsins](#). Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, eru beðnir um að skrá sig á skráningarsíðu fundarins: <http://www.lumiconnect.com/meeting/visjanuary2024> eigi síðar en kl. 16.00 þann 15. janúar 2024, eða tveimur dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Hluthafafundurinn fer fram á íslensku.

Hluthafafundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillögu stjórnar til hluthafafundar, ásamt umboðsformum eru nú aðgengileg á [vefsíðu félagsins](#).